



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Stefnumótun og aukið hlutverk umboðsmanns barna

Salvör Nordal, umboðsmaður barna

Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
9. maí 2019



Umboðsmaður barna

- Hlutverk UB er að efla þátttöku barna í samfélaginu og vinna að því að tekið sé fullt tillit til hagsmuna, þarfa og réttinda þeirra á öllum sviðum
- Börn og unglingar á aldrinum 0-18 ára geta leitað til umboðsmanns og fengið aðstoð og upplýsingar um réttindi sín.
 - Hægt er að senda tölvupóst, hringja eða koma á staðinn



UMBOÐSMAÐUR
BARNA

Starfsfólkið

- Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna
- Guðríður Bolladóttir,
lögfræðingur
- Stella Hallsdóttir,
lögfræðingur
- Eðvald Einar Stefánsson,
sérfræðingur
- Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir,
félagsfræðingur í hlutastarfi



Hvað gerir umboðsmaður barna?

- Vinnur að því að bæta hag barna og unglinga og gætir þess að tekið sé tillit til réttinda þeirra og hagsmuna á öllum sviðum samfélagsins.
- Leiðbeinir öllum sem til hans leita um réttindi barna og hvernig er hægt að ná þeim fram.
- Kemur ábendingum og tillögum um það sem má gera betur á framfæri.
- Bregðast við ef opinberir aðilar hafi brotið gegn réttindum barna
- Hefur frumkvæði að stefnumarkandi umræðu
- Stuðla að því að kynna fyrir almenningi löggjöf – og beita sér fyrir rannsóknum á þessu sviði

Umboðsmanni
barna er **ekki**
ætlað...

- ...að taka við verkefnum sem öðrum stjórnvöldum, stofnunum eða einstaklingum hefur verið falið að vinna samkvæmt lögum. (T.d. barnavernd, sýslumaður, lögregla)
- ... að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga eða ágreining milli forsjáraðila barna og stofnana
- Umboðsmaður hefur ekki úrskurðarvald og getur ekki beitt þvingunarúrræðum.

Verkefni - dæmi

- Umsagnir og ábendingar til Alþingis og stjórnvalda
- Börn í leit að alþjóðlegri vernd
- Birtingar dóma
- Starfsemi vinnuskóla
- Börn á vinnumarkaði
- Öryggi og aðbúnaður í umhverfi barna
- Skólaskylda og fræðsluskylda
- Samstarf við Hagstofu
- Skjánotkun barna - viðmið
- Ítarefni um helstu greinar Barnasáttmálans



Stefnumótun og endurskoðun

Móta nýja stefnu fyrir embættið. Aukin áhersla á áhrif á stefnumótun og frumkvæði

Endurskoðun heimasíðu og nýtt útlit í byrjun árs 2019

Breytingar á lögum um UB

- Hlutverk ráðgjafarhóps barna við embættið er lögfest
- Áhersla á innleiðingu Barnasáttmálans
- Embættið geri úttekt á stöðu barna – sérfræðihópar
- Þing um málefni barna, barnaþing, annað hvert ár – hið fyrsta 21.-22. nóvember

Ráðgjafahópur umboðsmanns barna

- Hópur ungmenna á aldrinum 13-17 ára sem veitir umboðsmanni barna ráðgjöf og koma með hugmyndir að verkefnum.
- Funda einu sinni í mánuði yfir skólaárið.
- Þátttaka í margs konar viðburðum og fundum á vegum embættisins
- Nú er unnið að því að formfesta starf ráðgjafarhópsins og efla starf hans enn frekar - áhersla á að fá börn með fjölbreyttan bakgrunn



Barnasáttmálinn



- Fjallar um réttindi allra barna frá 0 – 18 ára
- Tryggir börnum sjálfstæð mannréttindi
- Útbreiddasti mannréttindasamningur heims
- Fjórar grundvallarreglur:
 - 2. gr. – jafnræði allra barna, bann við mismunun
 - 3. gr. – hafa skal það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi
 - 6. gr. – réttur hvers barns til að lifa og þroskast
 - 12. gr. – réttur barns til að láta í ljós skoðanir sínar og skyldan til þess að taka réttmætt tillit til þeirra



Hvað felur
innleiðing í sér?

Fara yfir lög og reglur með tilliti til
réttinda barna

Réttindi barna og aðgangur að
stofnunum og stjórnkerfi

Menntun fagstétta

Þekking barna á réttindum sínum

Almenn fræðsla

Stefnumótun í málefnum barna og ungs
fólks

Úttektir á stöðu barna

- Samstarf við Hagstofuna hófst haustið 2017
 - Birti gögn um börn á heimasíðu sinni vorið 2018
 - <https://www.hagstofa.is/>
 - Upplýsingar um fjölda barna sem missa foreldra sína
 - Frekara samstarf mótað á næstu misserum

Sérfræðihópar barna

- Sérfræðihópur fatlaðra barna í byrjun árs 2019
 - Skýrsla birt næstu daga
 - Áframhaldandi greining á stöðu þeirra á þessu ári



Samstarf við háskólanna

- Óskað hefur verið eftir samstarfi við háskólana um að halda ráðstefnu annað hvert ár um rannsóknir um málefni barna. Fyrsta vonandi haldin árið 2020
- Markmiðið að fá yfirsýn yfir þær fjölbreyttu rannsóknir sem stundaðar eru innan háskólanna og auka jafnframt sýnileika þeirra og vægi í opinberri stefnumótun



Barnaþingið í Hörpu 21.-22. nóvember 2019

Silfurberg, Norðurljós, Kaldalón, Ríma og Flói

Lög um umboðsmann barna

- Umboðsmaður barna boðar til þings um málefni barna annað hvert ár og skulu niðurstöður og ályktanir þingsins kynntar ríkisstjórn.

Á þinginu skal fjalla um málefni barna og við upphaf þess leggur umboðsmaður fram skýrslu um stöðu þeirra. Í skýrslunni skal m.a. fjallað um stöðu og þróun í málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins, þar á meðal um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Önnur verkefni þingsins ákveður umboðsmaður barna.

Þingið er öllum opið en umboðsmaður barna skal bjóða fjölbreyttum hópi barna til þingsins, alþingismönnum, fulltrúum stofnana ríkis og sveitarfélaga, auk fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem koma að málefnum barna.

Seta á þinginu er ólaunuð.

Tvær samhliða
dagskrár
22. nóvember

- **Þjóðfundur barna: 2. hæð**
 - Börn valin með slembivali
 - Börn og ungmenni stýra umræðum og eru fundarritarar
 - Þingmenn, fulltrúar sveitarfélaga, opinberra stofnana, félagsamtaka og atvinnulífs taka þátt
- **Dagskrá með málstofum, vinnufundum og barnamenningu:1. hæð**
 - Auglýst verði eftir opnum málstofum um fjölbreytt efni
 - Vinnustofur eða rýnihópar barna
 - Barnamenning og uppákomur
 - Kynningar á félagasamtökum með plakötum og/eða básum

Fundur í anda þjóðfundar á 2. hæð

- Miðað við 500 þátttakendur
- 50 x 10 manna borð
- 4 börn slembivalin
- 4 fullorðnir
- 1 barn/ungmenni borðstjóri
- 1 ungmenni ritari

- Hægt að fækka ef þarf
- Mögulegt að fjölga í ákveðnum hópum, til dæmis börn af erlendum upruna, fötluð börn



Opin dagskrá í Kaldalóni, Rímu og Flóa

- Auglýsa eftir málstofum um málefni barna
- Barnamenning
 - Leiklist, dans, myndlist, ritlist, söngur, hljóðfæraleikur
- Lokaðir vinnufundir með börnum
- Sérfræðihópar barna
- Virkja ungmennaráð og ráðgjafahópa til samstarfs við undirbúning og skipulag
- Kynningarbásar á fyrstu hæð
- Sérstakt vægi fái atburðir sem börn skipuleggi og/eða eru þátttakendur í
- Myndaveggur



Barnaþing um land allt

- Hvetja leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili til að halda lýðræðisþing barna eða hafa atburði tengda þátttöku barna á svipuðum tíma og barnaþingið verður haldið



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Netsíða: www.barn.is
salvorn@barn.is



Myndir frá www.norden.org